

VSÓ-Ráðgjöf,
Sigríður Dr. Jónsdóttir
Borgartúni 20
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. september 2016
2016080022/42-8
TB, KHS
tb

Mat á gögnum vegna matsáætlunar og mats á umhverfisáhrifum haugsetningar í vesturhlíðum Úlfarsfells

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá VSÓ-Ráðgjöf, dags. 26. ágúst sl., þar sem óskað er eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á því hvort stofnunin telji að þörf sé á sérstakri könnun/rannsókn á fuglalífi vegna mats á umhverfisáhrifum (þ.m.t. matsáætlun) haugsetningar í vesturhlíðum Úlfarsfells ofan við Vesturlandsveg eða hvort þau gögn sem eru aðgengileg í dag um fuglalíf séu nægjanleg í umfjöllun um áhrif framkvæmdanna á fugla. Í sambandi við fugla er sérstaklega vísað til skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd*. Kristbjörn Egilsson ritstj. Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. *Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur*. Reykjavík, maí 1996.

Haugsetingasvæðið er ekki sérstætt eða frábrugðið víðfeðmum holtum og móum sem mikið er af í nágrenni Reykjavíkur. Þessi gerð búsvæðis fugla er því frekar algeng. Hlutfallsleg skerðing á búsvæðum vegna haugsetningar er lítil í samanburði við t.d. útpennslu byggðar á þessum slóðum.

Þau gögn sem eru fyrir hendi um haugsetingasvæðið og nágrenni þess, þ.e. framangreind skýrsla frá 1996 og nýtt minnisblað um gróðurfar haugsetningasvæðisins, gert 13. september 2016 af Náttúrufræðistofnun fyrir VSÓ- Ráðgjöf, lýsa fuglalífi og gróðurfari þess. Á bls. 40-41 í skýrslunni er fuglalífi í Hamrahlíðarlöndum lýst en haugsetningasvæðið er innan þess. Mófuglar er ríkjandi varpfluglar en varpþéttleiki þeirra hefur ekki verið mældur en svipar líklega til þéttleika á Hólmsheiði. Í viðauka 8 með skýrslunni er tegundalisti yfir fugla en taka verður tillit til þess að tegundalistinn nær yfir stærra svæði. Fyrir utan þær tegundir sem þar eru taldar upp er nú talið að brandugla verpi einnig á svæðinu eða í grenndinni.

Þó rannsóknir á fuglalífi séu komnar til ára sinna verður að meta það svo að fuglalíf sé nokkuð vel þekkt m.a. í ljósi þess að gróðurfar/búsvæði svæðisins er vel þekkt m.a. vegna þess að fram hefur farið ný úttekt. Umfang framkvæmdanna er einnig vel þekkt. Með hliðsjón af framangreindu og að sjálfst haugsetningasvæðið er ekki talið til fágætra eða óvenju tegundaríkra búsvæða telur Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til frekari rannsókna. Á það



verður þó að benda að á sínum tíma, fyrri 20 árum, voru fuglasnið ekki lögð út á sjálfu haugsetningasvæðinu.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

